

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 38/2022

2022/EES/42/38

frá 4. febrúar 2022

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/715 frá 20. janúar 2021 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 að því er varðar kröfur varðandi hópa rekstraraðila ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1189 frá 7. maí 2021 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 að því er varðar framleiðslu á plöntufjölgunarefni úr lífrænt ræktuðum misleitum efnivið af tiltekinni ættkvísl eða tegund og setningu þess á markað ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/279 frá 22. febrúar 2021 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 varðandi eftirlit og aðrar ráðstafanir til að tryggja rekjanleika og reglufylgni í lífrænni framleiðslu og merkingu lífrænt ræktaðra vara ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1165 frá 15. júlí 2021 um að leyfa tilteknar vörur og efni til notkunar við lífræna framleiðslu og koma á fót skráum yfir þau ⁽⁴⁾.
- 5) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/1165 fellir brott reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 889/2008 ⁽⁵⁾, nema að því er varðar VII. og XI. viðauka sem munu gilda til 31. desember 2023. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 889/2008 hefur verið tekin upp í EES-samninginn og fellur því brot samkvæmt samningnum nema að því er varðar VII. og XI. viðauka sem munu gilda til 31. desember 2023.
- 6) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 7) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

⁽¹⁾ Stjtuð. ESB L 151, 3.5.2021, bls. 1.
⁽²⁾ Stjtuð. ESB L 258, 20.7.2021, bls. 18.
⁽³⁾ Stjtuð. ESB L 62, 23.2.2021, bls. 6.
⁽⁴⁾ Stjtuð. ESB L 253, 16.7.2021, bls. 13.
⁽⁵⁾ Stjtuð. ESB L 250, 18.9.2008, bls. 1.

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 54b (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2018/848):
„– **32021 R 0715:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/715 frá 20. janúar 2021 (Stjtið. ESB L 151, 3.5.2021, bls. 1).“
2. Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 54bh (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1378):
„54bi. **32021 R 1189:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1189 frá 7. maí 2021 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 að því er varðar framleiðslu á plöntufjölgunarefni úr lífrænt ræktuðum misleitum efnivið af tiltekinni ættkvísl eða tegund og setningu þess á markað (Stjtið. ESB L 258, 20.7.2021, bls. 18).
54bj. **32021 R 0279:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/279 frá 22. febrúar 2021 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 varðandi eftirlit og aðrar ráðstafanir til að tryggja rekjanleika og reglufylgni í lífrænni framleiðslu og merkingu lífrænt ræktaðra vara (Stjtið. ESB L 62, 23.2.2021, bls. 6).
54bk. **32021 R 1165:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1165 frá 15. júlí 2021 um að leyfa tilteknar vörur og efni til notkunar við lífræna framleiðslu og koma á fót skráum yfir þau (Stjtið. ESB L 253, 16.7.2021, bls. 13).“
3. Texti liðar 54ba (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 889/2008) fellur brott. VII. og XI. viðauki reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 889/2008 munu gilda til 31. desember 2023.

2. gr.

Texti framseldra reglugerða (ESB) 2021/715 og (ESB) 2021/1189 og framkvæmdarreglugerða (ESB) 2021/279 og (ESB) 2021/1165, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 5. febrúar 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (*), eða á gildistökuþegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 31/2022 frá 4. febrúar 2022 (°), eftir því hvor dagsetningin er síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 4. febrúar 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

(°) Stjtið. ESB L 175, 30.6.2022, bls. 46, og EES-viðbætur nr. 42, 30.6.2022, bls. 46.